



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti
b.t. skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðamála
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 22. nóvember 2023

Efni: Umsögn um breytingu á reglugerð nr. 585/2011 viðurkenning á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar breytingu á reglugerð nr. 585/2011, um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi, sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins 8. nóvember sl. Reglugerð um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi nr. 585/2011 var upphaflega sett til innleiðingar á tilskipun 2005/36/EB (hér eftir „tilskipunin“), en sú tilskipun fól að sínu leyti í sér sameiningu 15 eldri tilskipana sem giltu um lögvernduð störf í Evrópu. Sú breyting sem nú er lögð til og lögð var fram í samráðsgátt Stjórnarráðsins felur í sér að ENIC-NARIC skrifstofunni verði falið að sinna viðurkenningu á erlendu námi og taki við afgreiðslu umsókna um viðurkenningu faglegrar menntunar og starfsreynslu iðnaðarmanna.

Iðnaðarlög nr. 42/1978 liggja til grundvallar iðnrekstri á Íslandi og er ætlað að skapa hvata fyrir einstaklinga til að sækja sér iðnmenntun og vissu fyrir neytendur um að þeir einstaklingar sem veita þjónustu á sviði handiðnaðar hafi tilskilda færni og því eru tilteknar iðngreinar lögverndaðar. Því miður er eftirliti með lögverndun iðngreina hér á landi nær ekkert sinnt en lítið sem ekkert opinbert eftirlit er til staðar með lögvernduðum iðngreinum.

Það er alveg ljóst að ekki má gefa afslátt af hæfisskilyrðum enda er það grundvallaratriði að íslenskir og erlendir ríkisborgarar starfi sem iðnaðarmenn eftir sömu viðmiðum hér á landi. Lög um viðurkenningu á faglegrri menntun og hæfi, sem reglugerðinni er ætlað að útfæra nánar, veitir erlendum ríkisborgurum í aðildarríkjum EES heimild til að veita þjónustu hér á landi, m.a. á sviði lögverndaðra iðngreina, enda uppfylli viðkomandi skilyrði um faglega menntun og hæfi. Iðnmenntun getur verið mismunandi milli landa. Þar af leiðandi getur verið vandasamt að meta hvort umsækjandi uppfylli þau menntunarskilyrði sem íslensk stjórnvöld og almenningur gera til iðnaðarmanna.

Samtökin fagna því að lagt er til í umræddri reglugerðarbreytingu að heimild sé til að kalla eftir frumriti prófskírteinis í tilvikum þegar vafi leikur á um áreiðanleika innsendra gagna. Samtökin gera að öðru leyti alvarlegar athugasemdir við reglugerðarbreytinguna og vilja benda á að leggja þarf áherslu á vandaða úrvinnslu við viðurkenningu á menntun og starfsreynslu einstaklinga sem hafa aflað sér iðnmenntunar og áskilinnar starfsreynslu í aðildarríkjum EES og verði það að vera til þess fallið að auka samræmi, hæfni og öryggi neytenda og atvinnulífs.

Umsókn vegna staðfesturéttar

Reglugerðin boðar breytingu þess eðlis að allar umsóknir um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu eigi að berast til ENIC-NARIC skrifstofunnar frá Menntamálastofnun og verði



henni falið að sinna mati á erlendu námi og taka við afgreiðslu umsókna um viðurkenningu faglegrar menntunar og starfsreynslu iðnaðarmanna. Samtökin lýsa yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra breytinga þar sem núverandi framkvæmd við móttöku umsókna og vinnslu gagna hefur verið í höndum fræðslumiðstöðva iðnaðarins. Umsýslu og umsagnarvinna hefur í rafiðngreinum verið á borði Rafmenntar og Iðan fræðslusetur fyrir aðrar iðngreinar.

Að mati samtakanna eru þessar fræðslumiðstöðvar iðnaðarins best til þess fallnar að leggja mat á viðurkenningu á erlendri starfsmenntun og starfsreynslu enda hafa þær unnið ötult starf og byggt upp skilvirkt kerfi þrátt fyrir skort á fjármagni til verkefnisins undanfarin ár. Samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að stutt sé betur við faglegt mat á umsóknum enda hagsmunir umsækjenda, neytenda og atvinnulífsins miklir í þessu samhengi.

Til þess að skilvirkt mat geti farið fram er nauðsynlegt að matsaðilar hafi þekkingu á löggiltum iðn- og verkgreinum, rafrænum ferilbókum, hæfniviðmiðum atvinnulífsins og raunfærnimati. Ekki er vitað til þess að innan ENIC-NARIC sé nauðsynleg sérþekking á íslensku regluverki og viðmiðum eins og til er innan Rafmenntar og Iðunnar fræðsluseturs.

Afmörkuð viðurkenning

Samtökin telja með öllu óásættanlegt að lagt sé til að felldur verði niður 2. ml. 9. gr. reglugerðarinnar enda tryggir umræddur málsliður lágmarksleiðbeiningar til umsækjanda um hvernig viðkomandi geti öðlast full réttindi til að starfa í löggiltri iðngrein hérlendis. Ber að horfa til þess að einstaklingar sem hafa færni á ákveðnu sviði, sem fellur undir lögverndaðar iðngreinar, geta eftir atvikum nýtt sér það úrræði að fara í raunfærnimat og þurfa því ekki að hefja fullt nám í umræddri iðngrein. Stjórnvöld ættu að leggja ríka áherslu á að sinna leiðbeiningarskyldu sinni í þessum málaflokki enda til hagsbóta fyrir umsækjendur, neytendur og atvinnulífið.

Samtökin hafa áður áréttað mikilvægi þess að ekki sé vegið að starfs- og tæknimenntun, sem er grunnstoð iðnrekstrar í landinu, bæði við setningu reglugerða sem og framkvæmd. Lög um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, sem reglugerðinni er ætlað að útfæra nánar, veitir erlendum ríkisborgurum í aðildarríkjum EES heimild til að veita þjónustu hér á landi, m.a. á sviði lögverndaðra iðngreina, enda uppfylli viðkomandi skilyrði um faglega menntun og hæfi. Iðnmenntun getur verið mismunandi milli landa. Þar af leiðir getur verið vandasamt að meta hvort umsækjandi uppfylli þau menntunarskilyrði sem íslensk stjórnvöld gera til iðnaðarmanna. Samtökin telja það vera mikilvægt að ekki sé gefinn afsláttur af hæfisskilyrðum enda grundvallaratriði að íslenskir og erlendir iðnaðarmenn starfi á grundvelli sömu reglna og viðmiða. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að eftirfylgni með lögvernduðum iðngreinum er með öllu óásættanleg, lítið sem ekkert eftirlit hefur verið til staðar og hafa neytendur hlotið skaða af.

Samkvæmt tilskipuninni er heimilt að synja um takmarkaðan aðgang ef slíkt má réttlæta á grundvelli brýnna ástæðna er varða almannahagsmuni sem tryggja að ná megi því markmiði sem stefnt er að og ganga ekki lengra en nauðsynlegt má telja til að ná því markmiði. Í því samhengi hafa samtökin ítrekað bent á að það er vandséð í hvaða tilvikum skuli veita svokallaða afmarkaða viðurkenningu að starfsgrein sem fellur undir iðnaðarlögin, nr. 42/1978.

Að lokum vilja samtökin áréttað mikil ásókn er í viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltum iðngreinum hér á landi og nú þegar er til staðar gott kerfi til að annast faglega umsýslu umræddra mála. Samtökin hvetja til þess að stjórnvöld styðji frekar við núverandi kerfi og áframhaldandi uppbyggingu á því. Þá ítreka samtökin neikvæða afstöðu sína til heimildar á



svokallaðri afmarkaðri viðurkenningu enda telja þau slíkt draga úr hvata til að sækja iðnnám, þvert á þarfir almennings og atvinnulífs.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir', written over a horizontal line.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum